

Mál nr. 484/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

### Ásetningur. Rangar upplýsingar. Samsömun. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. desember 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. janúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á bifreiðinni A, sem er í eigu M, hinn 1. október 2025. Sambýlismaður M, X, hafi ekið A umrætt sinn og misst stjórn á henni vegna vindhviðu er hann var á leið frá Esjugrund til Reykjavíkur. Hafi A hafnað utan vegar. Fyrir liggja að X hafi haft samband við neyðarsíma 112 kl. 00:36 aðfararnótt 1. október. Hafi lögregla leiðbeint X um að reyna að koma sér aftur upp á veg af sjálfsdáðum eða hringja á dráttarbil. Hafi X haft samband við Vöku en verið ráðlagt að láta sækja A daginn eftir þar sem næturútköll væru kostnaðarsöm. Í fyrirbyggjandi tjónstilkynningu M til V, dags. 1. október 2025, kemur m.a. fram að ökumaður A hafi misst stjórn á henni vegna veðurs og hún hafi rekist á vegrið og síðan hafnað utan vegar. Spurningu um hvort skemmdir hafi orðið á A er hins vegar svarað neitandi en spurningu um hvort skemmdir hafi orðið á öðrum ökutækjum er svarað játandi. Þá er því svarað játandi að ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis, lyfja eða fikniefna svo og því að vitni hafi orðið að atvikinu. Í málskoti kemur fram að X, sem sé af erlendum uppruna og skilji takmarkaða íslensku, hafi hreinlega ekki skilið spurningarnar sem birtist í fellilista á heimasíðu V. Hafi hann búist við að einhver hjá V hefði samband og gæfi frekari leiðbeiningar vegna málsins. Hafi M strax farið með A á rétttingaverkstæði þar sem hún hafi verið í á sjöttu viku án viðgerðar. Hinn 25. nóvember hafi V afturkallað fyrri afstöðu sína um bótaskyldu í málinu. Hafi verið óskað eftir frekari gögnum frá V, s.s. upplýsingum úr akstursthöfu A, en V hafi hafnað þeirri beiðni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi í upphafi fallist á bótaskyldu úr kaskótryggingu A. Sú afstaða hafi hins vegar verið afturkölluð enda hafi V rökstuddan grun um að váttryggingaratburðinum kunni að hafa verið valdið af ásetningi sbr. 1. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Auk þess telji V ljóst að M sé að veita V rangar og ófullnægjandi upplýsingar sem hún viti eða megi vita að leiði til þess að hún fái bætur sem hún eigi ekki rétt á, sbr. 2. mgr. 47. gr., sbr. 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. áréttuð sú afstaða að V hafi ekki lagt fram nein gögn til stuðnings málalímbúnaði sínum og verði að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Álit.

V byggir í fyrsta lagi á því að umræddu tjóni hafi verið valdið af ásetningi en samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga ber váttryggingafélag ekki ábyrgð hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð. Framangreind afstaða V er ekki rökstudd frekar í bréfi þess til nefndarinnar né verður séð að þau takmörkuðu gögn sem fyrir nefndinni liggja bendi til þess að umræddu tjóni hafi verið valdið af ásetningi.

Þess utan tekur 1. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga til háttsemi váttryggðs. Í váttryggingarskilmálum V um kaskótryggingu A kemur fram í 4. gr. að váttryggður sé skráður eigandi þess ökutækis sem tiltekið er á skírteini, en óumdeilt virðist að það er M, en ekki X. Í 20. gr. almennra skilmála, sem tiltekið er í skilmálum kaskótryggingar ökutækja að gildi um þá váttryggingu, segir eftirfarandi: „Ákvæði, sem kveða á um að réttur tryggðs eða þriðja aðila til bóta úr skaðatryggingum skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis tryggðs, eiga einnig við um samsvarandi háttsemi manns sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða sem og háttsemi maka tryggða sem býr með honum og manns sem hinn tryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 2. mgr. 29. gr. vsl.“ Ljóst er að umræddu skilmálaákvæði verður ekki beitt með rýmri hætti en leiðir af skýru orðalagi 2. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga. Þar kemur skýrlega fram, í a.-lið 2. mgr., að við

vátryggingu m.a. ökutækja megi vátryggingafélag bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggð er ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Þegar um vátryggingu ökutækja er að ræða er því ekki heimilt að samsama vátryggðum með háttsemi maka eða sambúðarmaka nema sýnt sé fram á að sá aðili sé ábyrgur fyrir hinni vátryggðu bifreið. V ber sönnunarbyrði um að X hafi með samþykki vátryggðs verið ábyrgur fyrir bifreiðinni A, þegar kom til umrædds tjóns. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga segir nánar um framangreint atriði: „*Hér þarf að koma til að vátryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins vátryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið vátryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti, og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef vátryggður annast um eða rekur hið vátryggða.*“

V hefur ekki skýrt nánar hvort og þá með hvaða hætti umrædd skilyrði til samsömunar séu uppfyllt og því síður lagt fram gögn því til stuðnings. Telst heimild til samsömunar því ekki sönnuð og verður V til samræmis við almennar sönnunarreglur að bera hallann af því. Jafnvel þó sýnt væri fram á ásetning X til tjónsins verður M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki samsamað með háttsemi hans.

Í öðru lagi byggir V á því að M hafi veitt V rangar og ófullnægjandi upplýsingar í skilningi 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga sem leiða eigi til þess að allur réttur hennar til bóta vegna þessa vátryggingaratburðar falli niður. Framangreint er ekki rökstutt frekar í bréfi V til nefndarinnar né lögð fram nein frekari gögn til stuðnings þessari afstöðu. Verður V að bera allan halla af sönnunarskorti um þetta atriði og verður því ekki byggt á þessari málsástæðu þess.

Samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni á M því rétt á bótum vegna tjóns á A, að því marki sem sýnt er fram á að það sé að rekja til bótaskylds atviks.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. mars 2026.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir